

Minnisblað vegna máls. 2201188.

9. 2201188 - Hamranes, reitur 6a, lóðarvilyrði

Lagt fram erindi frá Jörp ehf. þar sem óskað er eftir lóðavilyrði fyrir reit 6a við Hamranes.

Bæjarráð vísar fyrirbyggjandi erindi til umhverfis- og skipulagssviðs til umsagnar.

[HAMRANES 6a - Umsókn.pdf](#)

[Umsókn reitur 6a.pdf](#)

Samkvæmt rammaskipulagi var þessi lóð tekin frá undir bílastæðahús.

Eins og staðan er á þróunarreitunum, virðast lóðarhafar ætla að leysa bílastæðamál innan sinna lóða, því þarf að skoða þessa lóð sérstaklega.

Ljóst er ef þessi lóð á ekki að fara undir bílastæðahús. Þá þarf að gera skilmála fyrir þessa lóð sérstaklega, þar sem skipulagsdeildin myndi skoða þá þjónustu sem vantar í Hamranesi og líklega íbúðir á efri hæðum. Gera þarf skilmála fyrir þennan reit.

Til greina kemur að skoða þær umsóknir um þróunarreiti við síðustu úthlutun, en þar voru aðilar sem uppfylltu kröfur bæjarins og fengu ekki úthlutaða þróunarreiti.

Virðingarfyllt,

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs